



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Upplýsingagjöf lögaðila í tengslum við tilkynningu um virkan eignarhlut einstaklings í váttryggingafélagi, sbr. 58. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi

Nr.	Efni	Lagatilvísun
1.	UPPLÝSINGAR UM FYRIRHUGUÐ KAUP EÐA STOFNUN NÝS VÁTRYGGINGAFÉLAGS	Lög nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi (vstl.)
1.1	Nafn og kennitala váttryggingafélagins sem áformað er að eignast virkan eignarhlut í.	2. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl.
1.2	Upplýsingar um seljanda að hlut fyrirhugaðs eiganda, drög að hluthafaskrá váttryggingafélagsins eftir kaupin og kaupverð hlutarins*. Ef um er að ræða nýtt váttryggingafélag er aðeins óskað eftir fyrirhugaðri hluthafaskrá váttryggingafélagsins. <i>*Fjármálaeftirlitið kann að óska eftir kaupsamningi milli aðila, ef tilefni er til.</i>	12. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl.
1.3	Fjöldi og tegund hluta (flokkar skv. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 2/1995) í viðkomandi váttryggingafélagi í eigu fyrirhugaðs eiganda fyrir og eftir kaupin, m.a. upplýsingar um hlutfall af heildar hlutafé/stofnfé í prósentum og nafnverð í evrum (EUR). Einnig skal upplýsa um hlutfall atkvæðisréttar ef það er annað en stærð eignarhlutar.	3. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl.
2.	UPPLÝSINGAR UM FYRIRHUGAÐAN EIGANDA AÐ VIRKUM EIGNARHLUT (FYRIRHUGAÐUR EIGANDI)	
2.1	Skráð heiti, kennitala og aðsetur höfuðstöðva ásamt viðeigandi staðfestingargögnum, s.s vottorði frá fyrirtækjaskrá.	1. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl.
2.2	Símanúmer og netfang tengiliðs.	12. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl.
2.3	Stutt lýsing á þeirri starfsemi sem fyrirhugaður eigandi stundar.	12. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl.
	Upplýsingar um hluthafa fyrirhugaðs eiganda, m.a. nafn, kennitölu, samsetningu hlutafjár og atkvæðisréttar ásamt upplýsingum um	

<p>2.4</p>	<p>hluthafasamkomulög í tengslum við fyrirhugaðan virkan eignarhlut. Upplýsingarnar skulu eiga við um raunverulega eigendur.*</p> <p><i>*Raunverulegur eigandi er skilgreindur í 4. tl. 3. gr. laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.</i></p>	<p>12. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl., sbr. 3. mgr. 60. gr. vstl.</p>
<p>2.5</p>	<p>Ef fyrirhugaður eigandi er hluti af samstæðu, sem móðurfélag eða dótturfélag, er óskað eftir nákvæmu skipuriti sem sýnir alla uppbyggingu samstæðunnar ásamt upplýsingum um:</p> <ol style="list-style-type: none"> hlutföll hlutafjár/stofnfjár og atkvæðisréttar, hluthafa allra lögaðila samstæðunnar, þ.e. nafn og kennitölu ásamt stærð hlutar, lýsing á starfsemi allra lögaðila samstæðunnar, fyrirtæki innan samstæðunnar sem lúta opinberu eftirliti, og heiti eftirlitsaðila í heimaríki þeirra. 	<p>12. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl.</p>
<p>2.6</p>	<p>Upplýsingar um endurskoðanda fyrirhugaðs eiganda.</p>	<p>3. mgr. 60. gr. vstl.</p>
<p>2.7</p>	<p>Upplýsingar um eignarhald, stjórnarsetu* eða aðra þátttöku fyrirhugaðs eiganda í starfsemi annarra lögaðila en váttryggingafélagsins sem um ræðir. Upplýsingarnar skulu studdar gögnum og gerð grein fyrir þeim með myndrænum hætti.</p> <p><i>*Með stjórnarsetu er átt við aðila sem fyrirhugaður eigandi hefur tilnefnt í stjórn lögaðila.</i></p>	<p>9. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl.</p>
<p>2.8</p>	<p>Óskað er eftirfarandi upplýsinga um fyrirhugaðan eiganda og öll félög sem hann hefur sl. 10 ár stjórnað eða ráðið yfir*:</p> <ol style="list-style-type: none"> dómar fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um váttryggingastarfsemi, eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi, úrskurðir um gjaldþrot, opinberar rannsóknir, málarekstur, einkamál og stjórnsýslumál, rannsóknir, viðurlagamál eða viðurlög sem beitt hefur verið af hálfu eftirlitsstofnunar, synjun á skráningu, heimild, aðild eða leyfi til þess að stunda tiltekin viðskipti, starfsemi eða starf, afturköllun, ógildingu eða uppsögn skráningar, heimildar, aðildar eða leyfis. <p><i>*Aðili telst stjórna félagi ef hann er framkvæmdastjóri og/eða stjórnarmaður. Aðili telst ráða yfir félagi ef um er að ræða yfirráð skv. 45. tl. 6. gr. vstl.</i></p>	<p>10. og 12. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl.</p>
<p>2.9</p>	<p>Upplýsingar um reynslu fyrirhugaðs eiganda af fjármálastarfsemi, sérstaklega váttryggingastarfsemi.</p>	<p>8. og 12. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl.</p>
	<p>Upplýsingar um hvort áður hefur átt sér stað mat á fyrirhuguðum eiganda sem eiganda virks eignarhlutar í aðila sem lýtur opinberu eftirliti á</p>	

2.10	fjármáلامarkaði af hálfu Fjármálaeftirlitsins og/eða erlendra eftirlitsstofnunar (tilgreina skal eftirlitsstofnun og afhenda gögn um niðurstöður mats).	12. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl.
2.11	<p>Lýsing á hagsmunatengslum fyrirhugaðs eiganda, fjárhagslegum*, persónulegum og viðskiptalegum** við:</p> <ol style="list-style-type: none"> aðra núverandi hluthafa í váttryggingafélaginu, sem viðkomandi hyggst eignast virkan eignarhlut í, aðila með atkvæðisrétt í váttryggingafélaginu, sem viðkomandi hyggst eignast virkan eignarhlut í, stjórnarmenn eða stjórnendur váttryggingafélagsins, sem viðkomandi hyggst eignast virkan eignarhlut í, váttryggingafélagið, sem viðkomandi hyggst eignast virkan eignarhlut í og samstæðu þess. <p>Upplýsingar um aðra hagsmuni fyrirhugaðs eiganda sem kunna að rekast á við hagsmuni váttryggingafélagsins, sem viðkomandi hyggst eignast virkan eignarhlut í og hugsanlegar lausnir á slíkum hagsmunaárekstrum.</p> <p><i>*Með fjárhagslegum hagsmunatengslum er m.a. átt við hagsmuni í tengslum við lánveitingar, ábyrgðir, veð og önnur núverandi og fyrirhuguð viðskiptatengsl.</i></p> <p><i>**Með persónulegum og viðskiptalegum hagsmunatengslum er m.a. átt við samstarf í skilningi 1. mgr. 58. gr. vstl.</i></p>	7. og 12. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl.
2.12	<p>Óskað er eftir ársreikningum* viðkomandi síðustu þriggja ára og skal a.m.k ársreikningur undangengins árs vera endurskoðaður og áritaður. Ef liðnir eru meira en sex mánuðir frá síðasta ársuppgjöri þarf að leggja fram kannaðan árshlutareikning.</p> <p>Ef verulegar breytingar hafa orðið á fjárhagsstöðu fyrirhugaðs eiganda frá síðasta uppgjöri, svo sem vegna afkomu, vegna kaupa eða sölu á stærri eignum og/eða breytinga á skuldum, skal gera ítarlega grein fyrir þeim. Ef verulegar breytingar hafa orðið á fjárhagsstöðu viðkomandi frá síðasta árs- eða árshlutauppgjöri kann að vera óskað eftir árshlutauppgjöri sem nær yfir þær breytingar sem orðið hafa á fjárhagsstöðu viðkomandi.</p> <p>Ef fyrirhugaður eigandi er eftirlitsskyldur aðili er óskað eftir útreikningi sem sýnir áhrif á lögbundið eiginfjárlutfall eða gjaldþolshlutfall fyrirtækisins fyrir og eftir kaupin. Þá er óskað eftir áætlun um þróun þess til næstu þriggja ára.</p> <p><i>*Ef um er að ræða nýtt félag skal skila inn árituðum stofnefnahagsreikningi.</i></p>	6. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl.
2.13	<p>Upplýsingar um nán tengsl* fyrirhugaðs eiganda við aðra lögaðila en váttryggingafélagið sem um ræðir. Gera skal grein fyrir tengslunum með myndrænum hætti.</p> <p><i>*Með nánnum tengslum er átt við annars vegar bein eignatengsl eða yfirráð yfir allt að 20% af hlutafé eða stofnfé eða atkvæðavægi fyrirtækis og yfirráð eða samstarf milli aðila í skilningi vstl., sbr. 45. tölul. 6. gr. og 1. mgr. 58. gr. laganna.</i></p>	11. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl.

2.14	Upplýsingar um fyrirhugað viðskiptatengsl fyrirhugaðs eiganda og aðila í nánnum tengslum við hann, við váttryggingafélagið.	7. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl.
2.15	Hvort fyrirhugað sé hluthafasamkomulag við aðra hluthafa viðkomandi váttryggingafélags. Ef svo er skal jafnframt gera grein fyrir efni þess.	12. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl.
3.	UPPLÝSINGAR UM VIRKA EIGENDUR FYRIRHUGAÐS EIGANDA	
	<i>Virkir eigendur fyrirhugaðs eiganda skulu veita fyrirhuguðum eiganda neðangreindar upplýsingar og skulu þær vera staðfestar með undirritun fulltrúa virks eiganda í fyrirhuguðum eiganda. Viðkomandi aðila er þó heimilt að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingarnar beint, án aðkomu fyrirhugaðs eiganda.</i>	
3.1	<p>Upplýsingar um eignarhald, stjórnarsetu* eða aðra þátttöku viðkomandi í starfsemi annarra lögaðila en fyrirhugaðs eiganda. Upplýsingarnar skulu studdar gögnum og gerð grein fyrir þeim með myndrænum hætti.</p> <p><i>*Ef virkur eigandi í fyrirhuguðum eiganda er lögaðili er með stjórnarsetu átt við aðila sem fyrirhugaður eigandi hefur tilnefnt í stjórn lögaðila.</i></p>	9. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl., sbr. 3. mgr. 60. gr. vstl.
3.2	<p>Óskað er eftirfarandi upplýsinga um viðkomandi sl. 10 ár:</p> <ol style="list-style-type: none"> a. dómar fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um váttryggingastarfsemi, eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi, b. úrskurðir um gjaldþrot, c. opinberar rannsóknir, málarekstur, einkamál og stjórnsýslumál, d. rannsóknir, viðurlagamál eða viðurlög sem beitt hefur verið af hálfu eftirlitsstofnunar, e. synjun á skráningu, heimild, aðild eða leyfi til þess að stunda tiltekin viðskipti, starfsemi eða starf, f. afturköllun, ógildingu eða uppsögn skráningar, heimildar, aðildar eða leyfis, g. brottrekstur úr starfi eða trúnaðarstöðu, fjárvörslusambandi eða sambærilegri stöðu, eða ef farið hefur verið fram á afsögn viðkomandi úr slíkri stöðu. Einnig er óskað upplýsinga um brottrekstur af hálfu eftirlitsstofnunar eða stjórnvalds. 	10. og 12. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl., sbr. 3. mgr. 60. gr. vstl.
3.3	Upplýsingar um reynslu viðkomandi af fjármálastarfsemi, sérstaklega váttryggingastarfsemi.	8. og 12. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl., sbr. 3. mgr. 60. gr. vstl.

<p>3.4</p>	<p>Upplýsingar um hvort áður hefur átt sér stað mat á viðkomandi sem eiganda virks eignarhlutar eða sem stjórnanda aðila sem lýtur opinberu eftirliti á fjármálamarkaði af hálfu Fjármálaeftirlitsins og/eða erlendrar eftirlitsstofnunar (tilgreina skal eftirlitsstofnun og afhenda gögn um niðurstöður mats).</p>	<p>12. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl., sbr. 3. mgr. 60. gr. vstl.</p>
<p>3.5</p>	<p>Lýsing á hagsmunatengslum viðkomandi, fjárhagslegum,* persónulegum og viðskiptalegum** við:</p> <ol style="list-style-type: none"> núverandi hluthafa í váttryggingafélaginu sem um ræðir, aðila með atkvæðisrétt í váttryggingafélaginu sem um ræðir, stjórnarmenn eða stjórnendur váttryggingafélagsins sem um ræðir, váttryggingafélagið sem um ræðir og samstæðu þess, <p>Upplýsingar um aðra hagsmuni viðkomandi sem kunna að rekast á við hagsmuni váttryggingafélagsins sem um ræðir og hugsanlegar lausnir á slíkum hagsmunaárekstrum.</p> <p><i>*Með fjárhagslegum hagsmunatengslum er m.a. átt við hagsmuni í tengslum við lánveitingar, ábyrgðir, veð og önnur núverandi og fyrirhuguð viðskiptatengsl.</i></p> <p><i>**Með persónulegum og viðskiptalegum hagsmunatengslum er m.a. átt við samstarf í skilningi 1. mgr. 58. gr. vstl.</i></p>	<p>7. og 12. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl., sbr. 3. mgr. 60. gr. vstl.</p>
<p>3.6</p>	<p>Ef viðkomandi er lögaðili er óskað eftir ársreikningum* viðkomandi síðustu þriggja ára og skal a.m.k. ársreikningur undangengins árs vera endurskoðaður og áritaður. Ef liðnir eru meira en sex mánuðir frá síðasta ársuppgjöri þarf að leggja fram kannaðan árshlutareikning.</p> <p>Ef verulegar breytingar hafa orðið á fjárhagsstöðu fyrirhugaðs eiganda frá síðasta uppgjöri, svo sem vegna afkomu, vegna kaupa eða sölu á stærri eignum og/eða breytinga á skuldum, skal gera ítarlega grein fyrir þeim. Ef verulegar breytingar hafa orðið á fjárhagsstöðu viðkomandi frá síðasta árs- eða árshlutauppgjöri kann að vera óskað eftir árshlutauppgjöri sem nær yfir þær breytingar sem orðið hafa á fjárhagsstöðu viðkomandi.</p> <p>Ef viðkomandi er eftirlitsskyldur aðili er óskað eftir útreikningi sem sýnir áhrif á lögbundið eiginfjárlutfall eða gjaldþolshlutfall fyrirtækisins fyrir og eftir kaupin. Þá er óskað eftir áætlun um þróun þess til næstu þriggja ára.</p> <p><i>*Ef um er að ræða nýtt félag skal skila inn árituðum stofnefnahagsreikningi.</i></p> <p>Ef viðkomandi er einstaklingur er óskað eftir útfylltu eyðublaði vegna fjárhagslegs sjálfstæðis sem finna má á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.</p>	<p>6. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl., sbr. 3. mgr. 60. gr. vstl.</p>

<p>3.7</p>	<p>Upplýsingar um nán tengsl* viðkomandi við aðra lögaðila en fyrirhugaðan eiganda.</p> <p><i>*Með nánnum tengslum er átt við annars vegar bein eignatengsl eða yfirráð yfir allt að 20% af hlutafé eða stofnfé eða atkvæðavægi fyrirtækis og yfirráð eða samstarf milli aðila í skilningi vstl., sbr. 45. tölul. 6. gr. og 1. mgr. 58. gr. laganna.</i></p>	<p>11. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl., sbr. 3. mgr. 60. gr. vstl.</p>
<p>3.8</p>	<p>Upplýsingar um fyrirhuguð viðskiptatengsl viðkomandi og aðila í nánnum tengslum við hann, við váttryggingafélagið.</p>	<p>7. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl., sbr. 3. mgr. 60. gr. vstl.</p>
<p>4.</p>	<p>UPPLÝSINGAR UM STJÓRNARMENN OG FRAMKVÆMDASTJÓRA FYRIRHUGAÐS EIGANDA</p>	
	<p><i>Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu veita fyrirhuguðum eiganda neðangreindar upplýsingar og skulu þær vera staðfestar með undirritun viðkomandi stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra. Viðkomandi aðilum er þó heimilt að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingarnar beint, án aðkomu fyrirhugaðs eiganda.</i></p>	
<p>4.1</p>	<p>Tæmandi skrá yfir stjórnarmenn og framkvæmdastjóra fyrirhugaðs eiganda, m.a. nöfn, kennitölur og ríkisfang ásamt ferilskrá með upplýsingum um menntun, starfsþjálfun, starfsreynslu og aðrar stöður sem viðkomandi hefur gegnt.</p>	<p>1. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl., sbr. 3. mgr. 60. gr. vstl.</p>
<p>4.2</p>	<p>Upplýsingar um eignarhald, stjórnarsetu og aðra þátttöku viðkomandi í starfsemi annarra lögaðila en váttryggingafélagsins sem um ræðir. Upplýsingarnar skulu studdar gögnum.</p>	<p>9. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl., sbr. 3. mgr. 60. gr. vstl.</p>
<p>4.3</p>	<p>Upplýsingar um fjárhagsstöðu. Fylla skal út eyðublað vegna fjárhagslegs sjálfstæðis sem finna má á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.</p>	<p>6. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl., sbr. 3. mgr. 60. gr. vstl.</p>
<p>4.4</p>	<p>Lýsing á hagsmunatengslum viðkomandi, fjárhagslegum*, persónulegum og viðskiptalegum** við:</p> <ul style="list-style-type: none"> a. núverandi hluthafa í váttryggingafélaginu sem um ræðir, b. aðila með atkvæðisrétt í váttryggingafélaginu sem um ræðir, c. aðra stjórnarmenn eða stjórnendur váttryggingafélagsins sem um ræðir, d. váttryggingafélagið sem um ræðir og samstæðu þess. <p>Upplýsingar um aðra hagsmuni viðkomandi sem kunna að rekast á við hagsmuni váttryggingafélagsins sem um ræðir og hugsanlegar lausnir á slíkum hagsmunaárekstrum.</p> <p><i>*Með fjárhagslegum hagsmunatengslum er m.a. átt við hagsmuni í tengslum við lánveitingar, ábyrgðir, veð og önnur núverandi og fyrirhuguð viðskiptatengsl.</i></p>	<p>7. og 12. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl.</p>

	<i>**Með persónulegum og viðskiptalegum hagsmunatengslum er m.a. átt við samstarf í skilningi 1. mgr. 58. gr. vstl.</i>	
4.5	Upplýsingar um reynslu viðkomandi af fjármálastarfsemi, sérstaklega váttryggingastarfsemi.	8. og 12. tl. 3. mgr. 58. gr., sbr. 3. mgr. 60. gr. vstl.
4.6	<p>Óskað er eftirfarandi upplýsinga um viðkomandi og öll félög sem hann hefur sl. 10 ár stjórnað eða ráðið yfir*:</p> <ol style="list-style-type: none"> dóma fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um váttryggingastarfsemi, eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi, úrskurði um gjaldþrot, opinberar rannsóknir, málarekstur, einkamál og stjórnarsýslumál, rannsóknir, viðurlagamál eða viðurlög sem beitt hefur verið af hálfu eftirlitsstofnunar, synjun á skráningu, heimild, aðild eða leyfi til þess að stunda tiltekin viðskipti, starfsemi eða starf, afturköllun, ógildingu eða uppsögn skráningar, heimildar, aðildar eða leyfis. brottrekstur úr starfi eða trúnaðarstöðu, fjárvörslusambandi eða sambærilegri stöðu, eða ef farið hefur verið fram á afsögn viðkomandi úr slíkri stöðu. Einnig er óskað upplýsinga um brottrekstur af hálfu eftirlitsstofnunar eða stjórnvalds. <p><i>*Aðili telst stjórna félagi ef hann er framkvæmdastjóri og/eða stjórnarmaður. Aðili telst ráða yfir félagi ef um er að ræða yferráð skv. 29. tl. 9. gr. vstl.</i></p>	10. og 12. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl., sbr. 3. mgr. 60. gr. vstl.
4.7	<p>Náin tengsl* viðkomandi við aðra lögaðila en váttryggingafélagið sem um ræðir.</p> <p><i>*Með nánnum tengslum er átt við annaðhvort bein eignatengsl eða yferráð yfir allt að 20% af hlutafé eða stofnfé eða atkvæðavægi fyrirtækis, eða yferráð eða samstarf milli aðila í skilningi vstl., 45. tölul. 6. gr. og 1. mgr. 58. gr. laganna.</i></p>	11. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl., sbr. 3. mgr. 60. gr. vstl.
4.8	Upplýsingar um fyrirhuguð viðskiptatengsl viðkomandi og aðila í nánnum tengslum við hann, við váttryggingafélagið.	7. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl., sbr. 3. mgr. 60. gr. vstl.
4.9	Upplýsingar um hvort áður hefur átt sér stað mat á viðkomandi sem eiganda virks eignarhlutar eða sem stjórnanda aðila sem lýtur opinberu eftirliti á fjármála markaði af hálfu Fjármálaeftirlitsins og/eða erlendra eftirlitsstofnunar (tilgreina þarf eftirlitsstofnunina og gögn um niðurstöður matsins).	12. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl., sbr. 3. mgr. 60. gr. vstl.
5.	UPPLÝSINGAR UM FJÁRMÖGNUN FYRIRHUGAÐRA KAUPA	

5.1	<p>Ef kaupin eða stofnun nýs váttryggingafélags er fjármögnuð með lánsfé frá fjármálafyrirtæki eða váttryggingafélaginu sjálfu er óskað eftir lánasamningi vegna kaupanna. Einnig er óskað upplýsinga um hvort til staðar séu fjárhagsleg tengsl við stjórnendur í fyrirtækinu sem lána til kaupanna.</p> <p>Þá er óskað eftir greiðsluáætlun til þriggja ára eða sem nemur lengd lánstíma.</p>	5. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl.
5.2	<p>Ef kaupin eða stofnun nýs váttryggingafélags eru ekki fjármögnuð með lánsfé frá fjármálafyrirtæki eða váttryggingafélaginu sjálfu skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um uppruna fjármagnsins og með hvaða hætti það komst í vörslu fyrirhugaðs eiganda. Upplýsingarnar skulu studdar gögnum.</p>	5. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl.
5.3	<p>Upplýsingar um eignir váttryggingafélagsins, sem áformað er að eignast virkan eignarhlut í, sem fyrirhugað er að selja innan árs. Óskað er upplýsinga um eignina, söluskilmála og verðmat.</p>	5. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl.
6.	EIGENDASTEFNA	
6.1	<p>Fyrirhugaður eigandi skal setja sér sérstaka eigendastefnu sem inniheldur stefnu hans varðandi eignarhaldið. Stefna fyrirhugaðs eiganda skal miða að uppbyggingu heilbrigðs og trausts reksturs váttryggingafélags.</p>	12. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl.
6.1.1	<p>Þegar fyrirhugaður eigandi hyggst eignast allt að 20% eignarhlut, skal eigendastefnan m.a. innihalda eftirfarandi upplýsingar:</p> <ol style="list-style-type: none"> a. Markmið kaupanna, þ.m.t.; <ol style="list-style-type: none"> i. hvort áform séu uppi um breytingar á verkefnum eða stjórnendum váttryggingafélagsins, ii. áhrif á rekstur þess, iii. hvort um langtímafjárfestingu er að ræða og iv. upplýsingar um áform fyrirhugaðs eiganda um að auka, minnka eða viðhalda eignarhlut sínum í fyrirsjáanlegri framtíð; b. upplýsingar um getu (fjárhagsstöðu) og vilja fyrirhugaðs eiganda til þess að styðja váttryggingafélagið með auknu eigin fé ef þörf krefur til þess að þróa starfsemi þess eða ef upp kemur fjárhagsvandi. 	4. og 12. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl.
6.1.2	<p>Þegar fyrirhugaður eigandi hyggst eignast 20-50% eignarhlut, skal eigendastefnan m.a. innihalda eftirfarandi upplýsingar:</p> <ol style="list-style-type: none"> a. Markmið kaupanna, þ.m.t.; <ol style="list-style-type: none"> i. hvort áform séu uppi um breytingar á verkefnum eða stjórnendum váttryggingafélagsins, ii. áhrif á rekstur þess, iii. hvort um langtímafjárfestingu er að ræða og 	4. og 12. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl.

	<ul style="list-style-type: none"> iv. upplýsingar um áform fyrirhugaðs eiganda um að auka, minnka eða viðhalda eignarhlut sínum í fyrirsjáanlegri framtíð; b. upplýsingar um getu (fjárhagsstöðu) og vilja fyrirhugaðs eiganda til þess að styðja váttryggingafélagið með auknu eigin fé ef þörf krefur til þess að þróa starfsemi þess eða ef upp kemur fjárhagsvandi, c. nákvæmar upplýsingar um fyrirætlanir, væntingar og áhrif sem fyrirhugaður eigandi hyggst hafa á fjárhagsstöðu (þ.m.t. arðgreiðslustefnu) ásamt þróun og ráðstöfun fjármuna váttryggingafélagsins til þriggja ára. d. Fjárhagsáætlun fyrirhugaðs eiganda til þriggja ára hið minnsta þar sem greina má árlega breytinga eigna og skulda, tekjur og gjöld hvers árs ásamt upplýsingum um fjárstreymi hvers árs. Sjá valkvætt form: „Form fyrir fjárhagsáætlun“ á www.fme.is. Fjárhagsáætlun skal skilað á rafrænu formi sem nota má til útreikninga (þ.e. á excel formi eða sambærilegu). 	
<p>6.1.3</p>	<p>Þegar fyrirhugaður eigandi hyggst eignast yfir 50% eignarhlut, skal eigendastefnan m.a. innihalda eftirfarandi upplýsingar:</p> <ul style="list-style-type: none"> a. Viðskiptaáætlun til þriggja ára. Í henni skulu koma fram markmið með fyrirhuguðum kaupum og helstu aðferðir til þess að ná þeim, þ.m.t.: <ul style="list-style-type: none"> i. forsendur fyrirhugaðra kaupa, ii. fjárhagsleg markmið til þriggja ára (ávöxtun eigin fjár, kostnaðar-/arðsemishlutfall, hagnaður á hlut o.s.frv.), iii. helstu samlegðaráhrifin sem leitast verður við að ná fram innan váttryggingafélagsins, iv. hugsanlegar breytingar á starfsemi/vörum/markhópi og hugsanleg endurráðstöfun fjármagns/fjármuna sem fyrirhuguð er innan váttryggingafélagsins, v. upplýsingar um getu (fjárhagsstöðu) og vilja fyrirhugaðs eiganda til þess að styðja váttryggingafélagið með auknu eigin fé ef þörf krefur til þess að þróa starfsemi þess eða ef upp kemur fjárhagsvandi. b. Fyrirhugaðar breytingar á stjórnarháttum og almennu starfsskipulagi viðkomandi váttryggingafélags, þ.m.t. á: <ul style="list-style-type: none"> i. stjórn fyrirtækisins, ii. samsetningu og störf stjórnar og lykilstarfsmanna. Einnig er óskað upplýsinga um áhrif á samsetningu og störf nefnda sem skipaðar eru af framangreindum aðilum (s.s. áhættunefnd, endurskoðunarnefnd og aðrar nefndir), iii. störf framkvæmdastjóra. Ef ætlunin er að ráða nýjan framkvæmdastjóra er óskað upplýsinga um viðkomandi. Bent er á að Fjármálaeftirlitið metur hæfi viðkomandi skv. 40 og 41. gr. vstl., iv. verklagsreglur og kerfi er varða stjórnun, bókhald, endurskoðun, innra eftirlit og regluvörslu (þ.m.t. varðandi aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka), v. starfsemi eða verkefni váttryggingafélagsins, vi. heildarhögun upplýsingakerfa: þar á meðal hvers kyns breytingar á stefnu um notkun undirverktaka, flæði gagna, hugbúnað sem notaður verður innan stofnunarinnar, helstu verklagsreglur um öryggi gagna og kerfa, svo og aðgengi að gögnum og kerfum, tæki sem notuð verða (t.d. gagnaafritun, áætlanir um órofinn rekstur, 	<p>4. og 12. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl.</p> <p>4. og 12. tl. 3. mgr. 58. gr. vstl.</p>

	<p>endurskoðunarslóð o.s.frv.), breytingar á áhættumati, eða annað sem skiptir máli við rekstur upplýsingatæknikerfa og áhættumat tengdu rekstri þeirra,</p> <p>vii. stefnu sem gildir um notkun verktaka og útvistun (sviðin sem um ræðir, val á þjónustuaðilum o.s.frv.) og viðeigandi réttindi og skyldur helstu aðila skv. samningsákvæðum (t.d. fyrirkomulag úttekta, gæði sem krafist verður af þjónustuveitendum o.s.frv.).</p> <p>c. Fjárhagsáætlun fyrirhugaðs eiganda til þriggja ára hið minnsta þar sem greina má árlega breytingar eigna og skulda, tekjur og gjöld hvers árs ásamt upplýsingum um fjárstreymi hvers árs. Sjá valkvætt form: „Form fyrir fjárhagsáætlun“ á www.fme.is. Fjárhagsáætlun skal skilað á rafrænu formi sem nota má til útreikninga (þ.e. á excel formi eða sambærilegu).</p>	
--	--	--